

Umhverfisnefnd Náttúruskólans

Fundur í Hálsakoti mánudaginn 7. mars kl. 15:30

Mættir voru: Helena, Hildur, Alla, Jónína (fundarstjóri), Jóhanna (fundarritari) og Þórólfur (kom um kl. 16).

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda
2. Vormisseri - samgönguáhersla
3. Umsókn um grænfána
4. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar var rædd og samþykkt. Það kom í ljós að fundargerð þarsíðasta fundar hafði verið yfirfarin og samþykkt á síðasta fundi.

2. Námskeið vormisseris eru 6 talsins, þar á meðal hefur Helena fengið Sesselju Traustadóttur til að halda hjólafærinámsskeið þann 4. maí n.k. Á Borgarvefsjá má sjá hjólastíga borgarinnar en einnig er Hjólavefsjá í smíðum þar sem hægt verður að reikna út tímalengd hjólreiðaferða. Þetta tengist verkefninu „Hjólað í vinnuna“ og samgöngustefnu Náttúruskólans.

Námskeiðin verða auglýst með upplýsingum um strætósamgöngur til og frá námskeiðsstað. Nýtt verkefni sem nefnist Grænn apríl hefur farið í gang en það er hópur áhugafólks um umhverfisvernd sem stendur að því, í apríl er einnig „Dagur jarðar“ þann 22. apríl og „Umhverfisdagurinn“ 25. apríl.

3. Helena hefur útbúið umsókn um Grænfánann sem fundarmenn lásu yfir og komu með athugasemdir þar sem það átti við. Úttektarmánuður verður að öllum líkindum í apríl/maí. Þá komu upp vangaveltur hvar ætti að flagga þar sem Náttúruskólinn hefur enga fasta starfsstöð. Fundarmenn voru sammála um að Grasagarðurinn væri heppilegasti staðurinn. Náttúruskólinn hefur verið að vinna með samgöngumál ásamt fleiru nú í vetur og var það sett í umsóknina. Meginmarkmið skólans hafa verið:

- útikennsla
- umhverfismál
- umhugsun um samgöngumál
- úrgangsmál
- að endurskoða gátlistann miðað við starfsemi Náttúruskólans.

Greinargerð með umsókn lesin yfir og rædd.

Umhverfissáttmáli Náttúruskólans (umhverfisstefna)

- Náttúruskólinn er miðstöð þekkingar og upplýsinga um útinám og umhverfismennt
- Markmið starfseminnar er að fræða og hvetja til góðra verka í umhverfismálum
- Náttúruskólinn endurspeglar hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og er fyrirmynd í umhverfismálum

4. Önnur mál. Umhverfisvænir innkaupapokar frá Envirosax (www.disir.is) sýndir og plastpokanotkun rædd lauslega.

Næsti fundur settur í Engjaskóla (stofu 7) mánudaginn 4. apríl kl. 15:30.

Fundi slitið kl. 16:50.

Jóhanna Höskuldsdóttir, fundarritari.